

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Föstudagurinn 4. mars 2016



VINSTRI GRÆN

5. fundur stjórnar VG settur kl. 15.10 í Austurstræti 14.
Elín Oddný Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Mætt; Katrín Jakobsdóttir, Björn Valur Gíslason (gegnum skype), Ingibjörg Þórðardóttir, Daníel Arnarsson, Jakob S. Jónsson, Una Hildardóttir, Rósa Björk Brynjólfsdóttir, Álfheiður Ingadóttir og Elín Oddný Sigurðardóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir og Edward H. Huibjens. Lísá Kristjánsdóttir og Björg Eva Erlendsdóttir. fh. EVG Þóra Elfa Björnsson, fh. UVG Ragnar Auðun Árnason, fh. sveitarstjórnarráðs Sóley Björk Stefánsdóttir (gegnum skype).

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar – lögð fram og samþykkt
2. Kjördæmisráð og svæðisfélög
 - a) Uppfærsla á félagatölum og tölvupóstum svæðisfélaga.
 - b) Undirbúningur kosninga. Samskipti við formenn svæðisfélaga, sveitarstjórnarfulltrúa og svæðisfélög.

Björn Valur gerir grein fyrir vinnu við uppfærslu á félagatölum og netfangalistum félagsmanna. Svæðisfélög eru 32 talsins og mikilvægt að finna árangursríka leið til að halda góðum samskiptum við svæðisfélög og formenn þeirra. Björn Valur leggur fram þá tillögu að formenn svæðisfélaga og formenn kjördæmisráða verði boðaðir á sveitarstjórnarráðstefnu þann 16 apríl nk., til að ræða upplegg fyrir komandi alþingiskosningar. Tillagan samþykkt. Auk þess er mikilvægt að fulltrúar stjórnar hitti þær stjórnir svæðisfélaga sem kjörnar verða í haust og verða starfandi á komandi kosningavetri.

3. Staða stjórnmalanna

Katrín fer yfir stöðu stjórnmalanna. Almennar umræður um stöðu VG og erindi þeirra við kjósendur. Mikilvægt að skerpa umræðuna og koma okkar aðalmálum fram á skýran hátt. Koma stefnunnar fram á skiljanlegan máta sem nær til fólks. Vinna málefnaþópa framundan er að koma stefnunnar fram á skýran og auðskiljanlegan hátt. Heilbrigðis – og velferðarmál eru mikilvæg, margir sammála málflutningi VG í þeim efnum. Umhverfis- og auðlindamál eru að verða sífellt mikilvægari. Efnahagsmál og atvinnumál, benda á tengsl þeirra við jöfnuð og kjör launafólks. Mikilvægt að hefja undirbúning fyrir komandi kosningar sem fyrst. Jákvæð umræða og jákvæð orðræða getur skilað miklu. Hættan að verða “á móti” hreyfingin. Gefa kjósendum skýr skilaboð um fyrir hvað stöndum við. Bent á mikilvægi þess að ferðast um landið og hitta félagar okkar og heyra hvað brennur á fólki. Mikilvægt að breikka hópinn sem talar fyrir hönd VG. Vera dugleg að tjá okkur í ræðu og riti. Loks fór Katrín yfir stöðuna á tillögum stjórnarskrárnefndar og umræður um þær.

4. Sameiginlegur fundur stjórnar og þingflokks

Bjarkey gerir grein fyrir hugmyndum um sameiginlegan fundi stjórnar og þingflokks þann 8. apríl nk. Hægt að senda Bjarkeyju póst með þeim málum sem stjórnarmenn vilja taka upp á þeim fundi. Samþykkt að halda slíkan fund þann 8. apríl samhliða næsta stjórnarfundum.

5. Sveitarstjórnarráðstefna

Sóley Björk kynnir fyrirhugaða sveitarstjórnarráðstefnu sem haldin verður laugardaginn 16. apríl nk. á Hallveigarstöðum. Dagskrá er í vinnslu. Mikilvægt að ræða tekjuskiptingu ríkis- og sveitarfélaga, velferðarmálin, umhverfis- og skipulagsmál og þriðja stjórnsýslustigið. Stjórnarmenn geta sent hugmyndir að umræðuefni til skrifstofu VG. Sóley Björk, Björg Evu og Katrínu falið að ganga frá dagskrá ráðstefnunnar.

6. Næsti flokksráðsfundur

Næsti flokksráðsfundur verður laugardaginn 17. september á Akureyri. Unnið verður áfram að skipulagningu fundarins. Málið rætt áfram og kynnt á næsta fundi stjórnar.

7. Sumarferð

Fyrirhugað að sumarferðin verði farin einhverntíman helgina 19.-21. ágúst nk. Nánari útfærsla og tillögur að áfangastöðum verða kynntar á næsta fundi stjórnar.

Bjarkey vék af fundi kl. 16.30.

8. Hugmyndasmiðjur og stjórnsmálaskóli

a) Hugmyndasmiðjur framundan

„Breyta kreppur heiminum? Hvað hefur verið endurskoðað í hagfræði“, verður 16. mars kl. 20.00 á Hallveigarstöðum. Ásgeir Brynjar Torfason, lektor heldur erindi og Katrín Jakobsdóttir stýrir umræðum.

„Parísarsamkomulagið“, verður 5. apríl kl. 20.00 á Hallveigarstöðum. Hugi Ólafsson heldur erindi og Svandís Svavarsdóttir stýrir umræðum.

b) Stjórnsmálaskóli. Katrín Jakobsdóttir ræðir hagfræði Pickettys, Svandís Svavarsdóttir heldur utan um LGBT workshop. Málstofa um Guerilla marketing, samskiptamiðla og vídeómarketing.

c) Opin fundur heilbrigðis- og velferðarhóps. Álfheiður kynnti hugmyndir um að halda opin fund heilbrigðis- og velferðarhóps vegna fyrirhugaðra einkavæðingaráforma hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Vel tekið í þá hugmynd. Mikilvægt að funda um þetta mál.

Edward H. Huijbens tekur sæti á fundinum kl. 16.45.

d) Opinn fundur um borgaralaun. Björn Reynir Halldórsson hefur lýst yfir áhuga á að skipuleggja opinn fund um borgaralaun. Ákveðið að koma á tengslum milli hans og viðeigandi farveg til að skipuleggja slíkan fund. Vel tekið í þessa hugmynd.

9. Lagabreytingarvinna

Katrín fer yfir stöðuna á lagabreytingarvinnunni. Mikilvægt að koma áframhaldandi vinnu vegna lagabreytinga í farveg. Hópurinn sem skipaður var á flokksráðsfundi og af stjórn á eftir að hittast og vinna tillögurnar áfram. Þær munu síðan verða kynntar aftur fyrir stjórn eftir því sem vinnunni vindur fram.

10. Alþjóðasamstarf

Katrin segir frá vel heppnuðum Modern Left fundi sem haldinn var á Reykjanesi um síðustu helgi. Margt var rætt, m.a mikilvægi þess að efla tengsl vinstrihreyfingarinnar við ýmis grasrótarsamtök og verkalýðshreyfinguna. Björg Eva segir frá boðum á landsfundi norrænna systurflokka. Einnig er áhugi á að fá heimsóknir frá þingmönnum hreyfingarinnar á fundi erlendis.

11. Hreyfimyndahreyfingin

Daníel kynnir hugmynd um að endurvekja hreyfimyndahreyfinguna og halda áfram að sýna áhugaverðar heimildamyndir sem eiga erindi við félagi okkar. Hreyfimyndahreyfingin sem áður var á forræði UVG verður nú samstarfsverkefni VG og UVG.

12. Önnur mál.

Bent á að hægt sé að nýta skrifstofu VG á Hallveigarstöðum fyrir fundi þeirra svæðisfélaga og málefnaþópa sem þess óska.

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 8. apríl kl. 15.00.

Fundi slitið kl. 17.15.